

Leiðbeiningar fyrir erfingja

Tilkynning andláts og formsatriði í tengslum við útför

Samkvæmt lögum um skipti á dánarbúum o.fl. nr. 20 frá 1991, (SKL) hvílir sú skylda á nánustu aðstandendum látins manns eða á þeim, sem eiga að taka arf eftir hann samkvæmt erfðaskrá, að tilkynna andlátið sýslumanni, eftir atvikum útibússkrifstofu sýslumanns eða hreppstjóra. Við tilkynningu andláts þarf að hafa meðferðis dánarvottorð, sem verður fengið á sjúkrahúsi þar sem sá látni lést eða hjá lækni sem hefur annars komið við sögu, en að öðrum kosti sönnunargagn um andlátið, sem er lagt að jöfnu við dánarvottorð í reglum SKL. Þegar andlát er tilkynnt er sýslumanni eða þeim, sem tekur við tilkynningu, skylt að leita upplýsinga um erfingja þess látna og helstu eignir hans, sem er nauðsynlegt vegna aðgerða sem koma í kjölfarið. Tilkynnandi andláts fær í hendur vottorð frá sýslumanni um að tilkynningin hafi farið fram, en þetta vottorð er síðan afhent prestinum eða öðrum þeim, sem annast útför þess látna. Samkvæmt SKL er presti bannað að láta útför fara fram fyrr en hann fær í hendur vottorð sýslumanns um tilkynningu andláts.

Meðferð eigna þess látna

Frá því andlát ber að höndum og þar til erfingjar grípa til aðgerða til að undirbúa frágang mála, eins og er lýst hér á eftir, er aðstandendur þess látna eða erfingjum hans með öllu óheimilt að ráðstafa á nokkurn hátt eignum, sem hann lætur eftir sig, nema að hafa áður fengið til þess leyfi sýslumanns, sem er einn bær um að gera slíkar ráðstafanir um hagsmuni dánarbúsins. Aðstandendur þess látna verða allt að einu að varðveita eignir, sem hann lætur eftir sig, og mega hafa afnot af þeim til daglegra þarfa með sambærilegum hætti og áður.

Eftir andlát má ekki hreyfa við inneignum, sem sá látni lætur eftir sig á bankareikningum, nema sýslumaður leyfi. Við andlátið fellur niður umboð, sem aðstandandi kann að hafa haft til að taka fé af bankareikningi. Hægt er að leita til sýslumanns til að fá sérstaka skriflega heimild til að taka peninga af bankareikningi á nafni þess látna til að greiða kostnað af útför.

Hægt er að óska eftir því við sýslumann að hann taki eignir þess látna í sína umsjón til bráðabirgða, en það verður þá yfirleitt gert á kostnað dánarbúsins.

Erfingi getur óskað eftir því við sýslumann að hann láti gera skrá um eignir dánarbúsins og um leið er hægt að fá mat á eignunum. Erfingi getur ráðið því hvort þetta verði gert við allar eignir eða aðeins sumar þeirra. Til þess að fá slíka skrá um eignir og eftir atvikum mat á þeim þarf erfingi að gera skriflega beiðni, sem er hægt að fá nánari upplýsingar um hjá sýslumanni. Erfingjum er hins vegar aldrei skylt að láta gera slíka skrá eða að fá mat á eignum nema við undantekningaræðstæður samkvæmt fyrirmælum sýslumanns.

Aðgerðir ef erfingi er ófjárráða eða annars ófær um að gæta hagsmuna sinna

Ef einhver erfingi eftir þann látna er yngri en 18 ára eða hefur verið sviptur lögræði getur þurft að grípa til sérstakra aðgerða um atbeina sýslumanns. Slíkt þarf yfirleitt ekki ef maki þess látna leitar eftir leyfi til að sitja í óskiptu búi eða sá látni lætur engar eignir eftir sig, en ef skipti fara annars fram verður að leita upplýsinga hjá sýslumanni um hvað þurfi að gera. Í aðalatriðum er ráðgert í reglum SKL að lögráðamaður (til dæmis foreldri) ófjárráða erfingja geti gert allar nauðsynlegar ráðstafanir fyrir hann, svo framarlega að lögráðamaðurinn sé ekki sjálfur meðal erfingja eftir þann látna. Ef lögráðamaðurinn er hins vegar sjálfur erfingi verður hann að leita eftir því við sýslumann, að sérstakur lögráðamaður verði skipaður fyrir erfingjann til að koma fram fyrir hann við skipti á dánarbúinu. Ætlast er til þess að ættingjar ófjárráða erfingja bendi þá á einhvern, sem getur leyst þetta verk af hendi. Ekkert er því til fyrirstöðu að sérstakur lögráðamaður sé ættingi erfingjans, svo lengi sem hann er þó ekki sjálfur erfingi eftir þann látna.

Ef erfingi *sem er lögráða* er ekki fær um að gæta sjálfur hagsmuna sinna, til dæmis vegna heilsufars síns, geta aðstandendur hans leitað eftir því við sýslumann, að hann skipi sérstakan málsvara til að gera nauðsynlegar ráðstafanir fyrir erfingjann við skipti á dánarbúinu. Sambærilegar reglur gilda um skipun slíks málsvara og var lýst hér á undan um sérstakan lögráðamann.

Umboð

Erfingi getur ef hann svo kys veitt öðrum manni umboð til að koma fram fyrir sína hönd við þær aðgerðir sem þörf er á við skipti á dánarbúi. Tveir eða fleiri erfingjar geta haft sama umboðsmann ef þeir vilja. Eftir reglum SKL verður slíkt umboð alltaf að vera skriflegt, undirritað af erfingja og vottfest. Ef erfingi gerir engan fyrirvara í umboðsskjali er litið svo á að umboðsmaður geti gert allar ráðstafanir í nafni erfingja, þar á meðal skuldbundið hann með ábyrgð á skuldum þess látna, undirritað samninga eða önnur skjöl við skipti á dánarbúi og tekið við greiðslu á arfi. Verður erfingi þannig að taka það beinlínis fram í umboðsskjalinu ef hann vill takmarka á einhvern hátt það sem umboðsmaður má gera fyrir hans hönd við skiptin.

Hvað þarf að gera til að ljúka frágangi mála?

Samkvæmt SKL verður alltaf að ganga formlega frá skiptum á dánarbúi innan tiltekinna fresta frá andláti, sem eru þó mislangir eftir því hvernig atvik þróast. Í meginatriðum verður leitað til sýslumanns til að ljúka máli, en það verður þá nánar tiltekið gert hjá sýslumanninum í umdæminu, þar sem sá látni átti síðast lögheimili samkvæmt þjóðskrá.

Í lögnum er miðað við að fjórar leiðir geti komið til greina til að ganga frá málum. Erfingjar verða að hefjast handa um aðgerðir eftir einhverri af þessum fjórum leiðum innan fjögurra mánaða frá andláti, en ef það er ekki gert er sýslumanni skylt að hlutast til um að opinber skipti fari fram á dánarbúinu án tillits til vilja erfingja. Er því brýnt að bíða ekki með aðgerðir lengur en brýnar þarfir krefja. Í stuttu máli eru leiðirnar til að ljúka máli eftirfarandi:

1. Málalok ef sá látni lætur litlar eða engar eignir eftir sig

Hægt er að ljúka formsatriðum vegna skipta á dánarbúi með einföldum hætti ef sá látni lætur litlar sem engar eignir eftir sig. Þetta á nánar tiltekið við ef eignir eru ekki meiri en svo, að verðgildi þeirra án tillits til hugsanlegra skulda þess látna er ekki meira en sem svarar kostnaði af útför að meðtöldum hæfilegum útgjöldum vegna frágangs á leiði á síðari stigum, auglýsingum og veitingum við erfidrykkju ef því er að skipta.

Við þessar aðstæður má ganga endanlega frá máli með því að greina sýslumanni frá fjárhag þess látna um leið og andlát er tilkynnt eða mað því að einhver nákominn aðstandandi fari til sýslumanns til þeirra þarfa innan skamms tíma þar á eftir. Gefa þarf sýslumanni upplýsingar um þær eignir sem kunna að vera til. Ef hann telur framangreindum skilyrðum fullnægt færir hann helstu upplýsingarnar á skrá og þarf sá sem veitir upplýsingarnar síðan að undirrita sérstaka yfirlýsingu um að eignir hafi verið tæmandi taldar. Ef einhverjar eignir eru fyrir hendi fær sá aðstandandi sem tilkynnir þetta sýslumanni þær afhentar sér til eignar gegn því að hann greiði eftir þörfum kostnað af útför þess látna.

Þegar máli er lokið með þessum hætti þarf ekki að leita eftir viðhorfum annarra erfingja og bera þeir enga ábyrgð á skuldum sem sá látni kann að hafa staðið í. Erfingi sem telur að skilyrði hafi ekki verið til þessara málaloka getur snúið sér til sýslumanns til að leita eftir því að þau verði felld úr gildi.

2. Leyfi til að sitja í óskiptu búi

Ef sá látni hefur verið í hjúskap og lætur að auki eftir sig börn eða aðra afkomendur getur eftirlifandi maki yfirleitt leitað eftir leyfi til að sitja í óskiptu búi, en með slíku leyfi er þá lokið þeim formsatriðum sem þarf vegna skipta á dánarbúi.

Skilyrði fyrir leyfi til að sitja í óskiptu búi koma fram í erfðalögum nr. 8 frá 1962. Í meginatriðum felast þessi skilyrði í því, að hjón mega almennt ekki hafa gert kaupmála sín á milli og sá látni má ekki hafa gert erfðaskrá sem útilokar þessa leið til málaloka. Að auki er óhjákvæmilegt skilyrði að sá látni láti líka eftir sig börn eða aðra afkomendur, en ef afkomendur hans eru engir og hann hefur ekki gert erfðaskrá er eftirlifandi maki einkaerfingi hans og lýkur þá máli með einkaskiptum, sem er lýst hér á eftir. Ef börn eða aðrir afkomendur þess látna eru jafnframt afkomendur eftirlifandi maka hans þarf makinn ekki að leita eftir samþykki þeirra til að mega setjast í óskipt búi. Ef börnin eru hins vegar ekki komin af eftirlifandi maka er seta hans í óskiptu búi að aðalreglu háð því að börnin eða lögráðamenn þeirra samþykki þessi málalok, nema sá látni hafi gert erfðaskrá sem bindur börnin um heimild handa eftirlifandi maka til að setjast í óskipt búi.

Til þess að ljúka máli með setu í óskiptu búi verður eftirlifandi maki þess látna að sækja um leyfi til þess hjá sýslumanni og þarf þetta að gerast eins og áður segir innan fjögurra mánaða frá andláti. Eyðublað liggur fyrir á sýslumannsembættum fyrir þessa umsókn og fylgja því að auki sérstakar leiðbeiningar um útfyllingu. Að framkominni umsókn gefur sýslumaður út sérstakt leyfisbréf handa eftirlifandi maka ef skilyrði eru fyrir setu í óskiptu búi.

Þegar eftirlifandi maki hefur fengið leyfi til að sitja í óskiptu búi ræður hann einn yfir eignum sínum og þess látna. Hann þarf ekki að leita samþykkis annarra erfingja til að mega ráðstafa eignum, en verður þó að gæta að því að ganga ekki á eignir þess látna í ríkara mæli en til eðlilegra framfærsluútgjalda sinna. Þess verður að gæta að með því að fá leyfi til setu í óskiptu búi tekur eftirlifandi maki sjálfkrafa á sig ábyrgð á öllum skuldum þess látna.

3. Einkaskipti

Ef máli verður ekki lokið með áður nefndum aðferðum verður yfirleitt farin sú leið að erfingjar framkvæmi einkaskipti. Skilyrði fyrir einkaskiptum eru í aðalatriðum þau að erfingjar þurfa allir sem einn að vera sammála um að fara þá leið, eftir atvikum lögráðamenn eða málsvarar fyrir einstaka erfingja, þeir verða að sækja sameiginlega um leyfi til einkaskipta hjá sýslumanni og þeir verða að auki að taka að sér án skilyrða ábyrgð á öllum skuldum þess látna. Sú ábyrgð tekur einnig til skuldbindinga þótt erfingjum sé ekki kunnugt um þær og frá henni verður ekki aftur snúið. Er því brýnt að erfingjar geri sér grein fyrir þessum afleiðingum einkaskipta áður en þeir leita eftir leyfi til þeirra.

Til þess að einkaskipti geti farið fram verða erfingjar að sækja um leyfi sýslumanns innan fjögurra mánaða frá andláti. Við embætti sýslumanna er hægt að fá eyðublað fyrir þessa umsókn ásamt sérstökum leiðbeiningum um útfyllingu þess. Þegar umsókn hefur borist fer sýslumaður yfir hana og veitir leyfið ef skilyrði eru fyrir því. Undirstrika

verður að einkaskipti geta ekki farið fram án þessa leyfis og gildir einu þótt erfingi sé til dæmis aðeins einn, en hann verður þá að sækja um leyfið upp á eindæmi sitt.

Um leið og sýslumaður veitir leyfi til einkaskipta setur hann erfingjum frest til að ljúka skiptum, sem er oftast eitt ár frá andláti. Að fengnu leyfinu geta erfingjar ráðstafað eignum dánarbúsins, sem þeir verða þó að gera í sameiningu eða veita tilteknum manni umboð til þess fyrir sína hönd. Erfingjar verða einnig að koma sér saman um það hvað hver þeirra á að fá í sinn hlut við skiptin.

Innan frestsins sem sýslumaður setur erfingjum verða þeir að ljúka einkaskiptum formlega. Þetta verður nánar tiltekið gert með því að erfingjar afhenda sýslumanni skriflegan samning sinn um frágang mála, sem kallast einkaskiptagerð, og greiða um leið erfðafjárskatt, sem verður að gerast samtímis fyrir alla erfingja. Vegna greiðslu erfðafjárskatts verða erfingjar að fylla út sérstakt eyðublað, erfðafjárskýrslu, sem er hægt að fá á sýslumannsembættum en einnig á vef Ríkisskattstjóra. Þegar einkaskiptagerð er afhent og erfðafjárskattur er greiddur geta erfingjar ennfremur fengið áritun sýslumanns á yfirlýsingar sem þarf til að flytja eignir yfir á nöfn þeirra, til dæmis til þinglýsingar vegna fasteignar eða skráningar vegna bifreiðar á ökutækjaskrá, en fyrir þann tíma er ekki hægt að umskrá slíkar eignir. Sýslumaður leggur til eyðublað fyrir skiptayfirlýsingu um fasteign.

Opinber skipti

Fjórdá leiðin til að koma fram málalokum en jafnframt sú sem er sjaldnast farin er að opinber skipti fari fram á dánarbúi. Ástæður fyrir opinberum skiptum geta verið margvíslegar, til dæmis ef erfingjar treysta sér ekki til að taka ábyrgð á skuldum þess látna, þeir sjá tormerki á því að samkomulag takist um að framkvæma einkaskipti eða þeir eru einfaldlega sammála um að fara þessa leið. Hver erfingi fyrir sig á rétt á því að krefjast að opinber skipti fari fram og nægir að einn þeirra biðji um þetta. Opinber skipti geta einnig komið til fyrir atbeina sýslumanns, einkum ef erfingjar hefjast ekki handa um að koma fram málalokum með öðrum hætti innan fjögurra mánaða frá andláti eins og áður kom fram. Þá geta þeir sem sá látni hefur staðið í skuld við einnig krafist opinberra skipta við þröng skilyrði.

Opinber skipti á dánarbúi koma til á þann hátt að afhenda þarf skriflega beiðni um þau við héraðsdómstólinn í umdæminu þar sem sá látni átti lögheimili. Í beiðninni þurfa að koma fram upplýsingar um þann látna, eignir og skuldir dánarbúsins og hverjir erfingjar hans eru. Afrit af beiðninni þarf um leið að senda til sýslumanns. Þegar héraðsdómstóli hefur borist beiðni um opinber skipti eru erfingjarnir boðaðir til réttarhalds, þar sem beiðnin er tekin fyrir, en í kjölfarið gengur sérstakur dómsúrskurður um hana. Ef beiðnin er tekin til greina skipar héraðsdómari sérstakan skiptastjóra til að framkvæma skiptin, en skiptastjórinn verður yfirlétt að vera lögfræðingur og er kostnaður af störfum hans greiddur af eignum dánarbúsins. Skiptastjórinn boðar erfingja á fund strax eftir að hann hefur verið skipaður, en hann annast síðan öll verk við frágang mála, eftir atvikum í samráði við erfingja og eftir tillögum þeirra.

Frekari upplýsingar

Við sýslumannsembættin er hægt að fá nánari upplýsingar um það sem þarf að gera til að ljúka frágangi mála við skipti á dánarbúi. Erfingjar geta hins vegar ekki reiknað með að fá þar frekari aðstoð, til dæmis við skjalagerð eða framkvæmd aðgerða við einkaskipti. Til slíkra þarfa verður því að leita annað, til dæmis til lögmanns.